

2. gr.

Greiðslutaxti neytanda ákvarðast af mánaðarlegum tekjum hans. Samkvæmt 1. taxta greiðir einstaklingur sem hefur mánaðarlega minni tekjur en svarar til tvöföldunar einstaklingslífeyris almannatrygginga auk tvöfaldrar tekjutryggingar, svo sem upphæðir þessar eru í þeim mánuði, sem heimilisþjónustan fer fram. Hafi einstaklingur hærri tekjur mánaðarlega en þessu nemur skal hann greiða eftir 2. taxta. Hjón og sambýlisfólk er nota heimilisþjónustu greiði eftir 1. taxta hafi þau lægri mánaðartekjur en svarar til 1,5 földum lífeyri hjóna með tekjutryggingu en skv. 2. taxta ella.

3. gr.

Breytingar á gjaldstiga þessum skulu ákveðnar af bæjarstjórn Seyðisfjarðar en samþykktar af félagsmálaráðuneyti.

4. gr.

Heimilisþjónusta, sem innt er af hendi eftir 1. jan. 1982, skal greidd skv. gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 3. febrúar 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 29.

3. febrúar 1982.

G J A L D S K R Á

fyrir holræsi á Bíldudal.

1. gr.

Tengigjöld.

Fyrir hvert íbúðarhús kr. 100, en séu fleiri en ein íbúð í húsi, þá skal greiða kr. 75 fyrir hverja viðbótaríbúð. Af öðru húsnæði skal tengigjald vera kr. 20 pr. m³.

2. gr.

Árlegt holræsagjald.

Heimilt er að leggja á árlegt holræsagjald allt að 0,22% af fasteignamati húsa eða einstakra íbúða, þó skal gjaldið aldrei vera lægra en kr. 150.

Gjaldskrá þessa má hækka eða lækka um allt að 50%.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá um holræsi á Bíldudal nr. 166 14. apríl 1975.

Félagsmálaráðuneytið, 3. febrúar 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.